

Númer: 53/2019

Dreifibréf til til lánastofnana

b.t. framkvæmdastjóra og stjórnarformanns

Reykjavík, 21. nóvember 2019

Tilvísun: 2018120004

Efni: Viðmiðunarreglur EBA um stýringu á áhættuskuldbindingum vegna vanefndar og ívilunar og upplýsingaskyldu (Pillar III) vegna slíkra áhættuskuldbindinga

Með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði öðluðust svonefndar ESAs reglugerðir gildi hér á landi, þ.e. reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093 - 1095/2010 um að koma á fót evrópsku eftirlitsstofnununum á fjármálamarkaði, EBA, ESMA og EIOPA. Í 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 um að koma á fót Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, EBA, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er fjallað um viðmiðunarreglur (e. guidelines) og almenn tilmæli (e. recommendations) eftirlitsstofnunarinnar. Í 3. mgr. 16. gr. segir að lögbær yfirvöld og fjármálastofnanir skuli leita allra leiða til að fara að þessum viðmiðunarreglum og almennum tilmælum.

Viðmiðunarreglur EBA hafa í kjölfar gildistöku laga nr. 24/2017 ekki verið teknar upp í leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið mun þess í stað birta á heimasíðu sinni dreifibréf þetta og slóð á enskar útgáfur viðmiðunarreglnanna ásamt stuttri umfjöllun um innihald þeirra. Fjármálaeftirlitið mun styðjast við viðmiðunarreglur EBA í eftirlitsframkvæmd, þar með talið vegna könnunar- og matsferlis stofnunarinnar (SREP), auk þess sem Fjármálaeftirlitið mun reglulega annast kynningar á efni þeirra.

Tilgangur viðmiðunarreglna EBA er að koma á samræmdri, árangursríkri og skilvirkri eftirlitsframkvæmd og að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf um fjármálaþjónustu innan EES. Viðmiðunarreglurnar fela í sér nánari útfærslu á ákvæðum tilskipana og reglugerða sem innleiddar hafa verið hér á landi, m.a. með breytingum á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og stjórnvaldsfyrirmælum settum með stoð í þeim.

Stýring á vanefnd (NPE¹) og ívilnun (FBE²)

Viðmiðunarreglur EBA (EBA/GL/2018/06³) um stýringu á áhættuskuldbindingum vegna vanefndar og ívilunar grundvallast á 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og taka

¹ NPE: Áhættuskuldbindingar sem eru flokkaðar í vanefnd samkvæmt viðauka V við reglugerð (ESB) nr. 680/2014, sem innleidd er með reglum um tæknilega staðla vegna gagnaskila fjármálafyrirtækja, nr. 505/2017.

² FBE: Áhættuskuldbindingar sem hafa hlotið ívilnun í samræmi við skilgreiningar samkvæmt viðauka V við reglugerð (ESB) nr. 680/2014, sem innleidd er með reglum um tæknilega staðla vegna gagnaskila fjármálafyrirtækja, nr. 505/2017.

³ Viðmiðunarreglurnar eru aðgengilegar hér: <https://eba.europa.eu/eba-publishes-final-guidance-on-management-of-non-performing-and-forborne-exposures>

til samstæðna lánastofnana. Viðmiðunarreglurnar byggja einnig á viðauka V við reglugerð (ESB) nr. 680/2014, sem innleidd er með reglum um tæknilega staðla vegna gagnaskila fjármálafyrirtækja nr. 505/2017, og viðeigandi skilgreiningum í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, eða svonefndri CRR reglugerð, sem tók gildi hér á landi með setningu reglugerðar um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017. Þá styðjast viðmiðunarreglurnar jafnframt við 17. gr., 54. gr. a, 78. gr. og 78. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og við hlítungu á þeim þarf einnig að hafa hliðsjón af viðmiðunarreglum EBA um stjórnarhætti og útlánaáhættu og viðeigandi ákvæðum laga um fasteignalán til neytenda, nr. 118/2016, og laga um neytendalán, nr. 33/2013.

Viðmiðunarreglurnar gera auknar kröfur til stýringar á vanefnd og ívilnun hjá lánastofnunum þar sem vanefndahlutfall (e. gross NPL⁴ ratio), þ.e. brúttó bókfært virði vanefndar í hlutfalli af brúttó bókfærðu virði (e. gross carrying amount) samtölu allra lánveitinga og fyrirgreiðslna, er 5% eða hærra, sbr. 12. tölul. viðmiðunarreglnanna. Lánastofnanir þurfa við fyrsta tækifæri að kanna hvort vanefndahlutfall sé yfir framangreindum mörkum miðað við stöðu vanefndar þann 31. desember 2018. Vakin er athygli á að breytingar á FINREP skýrslunni vegna vanefndar og ívilnunar öðlast ekki gildi fyrr en 30. júní 2020.

Viðmiðunarreglurnar kveða einnig á um að eftirlitsstjórnvöld innan EES ákvarði lágmarks fjárhæð vegna virðismats/endurmats á tryggingu vegna áhættuskuldbindingar í vanefnd (sbr. 189. tölul. viðmiðunarreglnanna). Með þessu dreifibréfi birtir Fjármálaeftirlitið lánastofnunum að þessi fjárhæð sé 40 m.kr. Fjárhæðin skal reiknuð út miðað við brúttó bókfært virði vanefndar.

Upplýsingaskylda um vanefnd og ívilnun

Viðmiðunarreglur EBA (EBA/GL/2018/10⁵) um upplýsingaskyldu (Pillar III) á áhættuskuldbindingum vegna vanefndar og ívilnunar þar með talið fullnustueigna, byggja á 18. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og VIII. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem innleidd hefur verið með setningu reglugerðar nr. 233/2017. Viðmiðunarreglurnar fela í sér breytingar á hlutum af eldri viðmiðunarreglum EBA um upplýsingaskyldu (EBA/GL/2016/11). Lánastofnanir sem birta þurfa upplýsingar í samræmi við hluta eldri viðmiðunarreglnanna munu þurfa að uppfæra þær upplýsingar sem birtar eru til samræmis við nýju viðmiðunarreglurnar.

Hluti viðmiðunarreglnanna á við allar lánastofnanir. Auknar kröfur eru gerðar til lánastofnana sem eru mikilvægar, sbr. 12. tölul. viðmiðunarreglnanna, og þar sem vanefndahlutfall er 5% eða hærra. Tíðni og umfang upplýsingagjafar vegna viðmiðunarreglnanna tekur þannig mið af stærð og starfsemi lánastofnananna, sbr. 15. tölul. viðmiðunarreglnanna).

Viðmiðunarreglur EBA um upplýsingaskyldu (Pillar III) á áhættuskuldbindingum vegna vanefndar og ívilnunar öðlast gildi innan EES þann 31. desember nk. Vakin er athygli á því að að lánastofnanir þurfa að uppfylla upplýsingaskyldu sína á komandi ári í samræmi við það.

Fjármálaeftirlitið beinir því til lánastofnana að kynna sér framangreindar viðmiðunarreglur EBA á heimasíðu eftirlitsins og taka mið af þeim í starfsemi sinni í samræmi við gildissvið

⁴ NPL: Lán og fyrirgreiðslur eins og þær eru skilgreindar í viðauka V við reglugerð (ESB) nr. 680/2014, sem innleidd er með reglum um tæknilega staðla vegna gagnaskila fjármálafyrirtækja, nr. 505/2017.

⁵ Viðmiðunarreglurnar eru aðgengilegar hér:


<https://eba.europa.eu/eba-publishes-final-guidelines-on-disclosure-of-non-performing-and-forborne-exposures>

þeirra. Fjármálaeftirlitið styðst við viðmiðunarreglurnar við mat á því hvort lánastofnanir uppfylli kröfur samkvæmt þeim ákvæðum í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem fjallað er um í þessu dreifibréfi.


Komist Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að um brot á lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum sé að ræða gerir Fjármálaeftirlitið kröfu um úrbætur, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið fyrirhugar að halda kynningu á viðmiðunarreglunum sem verður auglýst nánar síðar.

Virðingarfyllst,
FJÁRMÁLAEFTIRLITID



Finnur Sveinbjörnsson



Guðmundur Jónsson